

AÐALFUNDUR

Golfklúbbs Ísafjarðar fyrir árið 2023 var haldinn á sal Vestra húsi við Ásgeirsgötu á Ísafirði þriðjudaginn 5. desember 2023 kl 20:00.

Mættir voru 20 félagar.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og stakk uppá Gísla Jóni Hjaltasyni sem fundarstjóra og Kristínu Hálfðánsdóttur sem fundarritara, þau voru samþykkt

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Fundarstjóri fékk staðfestingu frá fundarmönnum að fundurinn hafi verið löglega boðaður og gekk því næst til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar

Formaður kynnti skýrslu stjórnar sem er nú blaðsíður að lengd, fundarmenn tóku þátt og notuðu tækifærið og spurðust fyrir um leið og farið var yfir skýsluna.

2. Ársreikningur 2023 lagður fram til samþykktar

Gjaldkeri Shiran Þórisson las upp ársreikninginn sem undirritaður hefur verið af kjörnum endurskoðendum. Gjaldkeri sagði frá því að hann hefði farið yfir útistandandi skuldir og hafi stjórnin ákveðið að afskrifa gamlar skuldir sem ekki hafi þótt vænlegar til innheimtu. Rekstarkostnaður lækkaði milli ára og má skýra það með lægri launagreiðslum. Rekstur klúbbsins gekk vel á síðastliðnu ári og voru tekjur umfram gjöld fyrir fjármagnsliði kr.4.805.475.- og handbært fé í árslok kr.10.224.056.-

Helsti gjaldaliðurinn voru framkvæmdir við bílaplan við Golfskálann kr.4.505.293 og malbikun á stæði utan við tækjageymslu, kr. 1.200.000.-, kaup á John Deere vinnubíl kr. 600.000.- og golfbíl kr.382.230.-

Golfklúbbur Ísafjarðar skuldar engin langtímalán. Reikningar voru samþykktir samhljóða.

3. Lagabreytingar.

Gjaldkeri lýsti fyrirhuguðum breytingum er varða árgjöld.

Tillagan hljómar svo:

Lagt er til að feitletraður undirstrikaður texti hér fyrir neðan verði felldur út

8. gr. – Árgjöld og flatargjöld fyrir breytingar

Sérhverjum félagsmanni er skylt að greiða árgjald til klúbbsins.

Árgjöld skulu ákveðin á aðalfundi. Stjórn klúbbsins skal leggja fram tillögu að árgjöldum.

Átján ára og eldri greiði fullt árgjald, fjórtán til sautján ára greiði hálf gjald, meðlimir yngri en fjórtán ára greiði einn tíunda hluta gjalds. Hjón greiði eitt og hálf árgjald. Félagsmenn eldri en 67 ára greiði hálf gjald. Ef annar makinn er orðinn 67 ára, þá greiða hjón eitt árgjald.

Eindagi greiðslu árgjalds er 15. maí ár hvert. Stjórn er heimilt að lækka árgjald félaga sem er í skóla 6 mánuði eða lengur eða ef félagi hefur skerta tekjumöguleika vegna aldurs,

heilsufars eða annarra sambærilegra aðstæðna. Stjórn ákveður flatargjöld, gjöld í golfhermi, mótagjöld og gjald fyrir skápaleigu.

8. gr. Verður eftir breytingar

Sérhverjum félagsmanni er skylt að greiða árgjald til klúbbsins. Árgjöld skulu ákveðin á aðalfundi. Stjórn klúbbsins skal leggja fram tillögu að árgjöldum. Eindagi greiðslu árgjalds er 15. maí ár hvert. Stjórn er heimilt að lækka árgjald félaga sem er í skóla 6 mánuði eða lengur eða ef félagi hefur skerta tekjumöguleika vegna aldurs, heilsufars eða annarra sambærilegra aðstæðna. Stjórn ákveður flatargjöld, gjöld í golfhermi, mótagjöld og gjald fyrir skápaleigu.

Fundarstjóri bar upp lagabreytinguna og var hún samþykkt.

4. Tillaga stjórnar um árgjöld 2024

Tillaga til aðalfundar vegna verðskrár	Upphæð
Árgjald fyrir krakka og unglina 0-19 ára	0
Árgjald fyrir 20 ára og til 67 ára	60.000
Árgjald fyrir 68 -75 ára	50.000
Árgjald fyrir 76 ára og eldri	30.000
Fjargjald (óháð aldri) fyrir brottflutta Ísfirðinga - enginn hjónaafsláttur	25.000
Hjónaafsláttur (fyrir alla aldurshópa) - afsláttur sem hver einstaklingur fær á sinn reikning	10.000
Nýliðaafsláttur % af gjaldi - enginn hjónaafsláttur	50%
Skápaleiga	20.000
Árgjald í golfhermi (hjóna afsláttur getur átt við)	35.000
Hver klst í golfhermi (greitt er fyrir bókaða klst í heilum og hálfum tímum)	4.000

Rökstuðningur:

Lög sem voru í gildi fyrir aðalfundinn var hægt að mistúlka. Það kom í ljós í sumar við útsendingu félagsgjalda að það voru aðilar sem höfðu mismunandi skilning á lögunum. Þetta átti sérstaklega við um hópinn 67 ára og eldri. Það voru aðilar sem töldu sig hafa verið ofrukkaða í gegnum tíðina á meðan öðrum fannst það fyrirkomulag sem notað var á fyrra ári vera of lítið. Ljóst er að það þarf að skýra þetta betur svo ekki sé hægt að misskilja hluti. Hækkun árgjalda er almennt í takt við verðbólgu og er til viðmiðunar svipað og aðrir 9 holu klúbbar sem horft var til. Með hækkun útgjalda og framkvæmda sem fyrirséð er að komi, þá þarf að auka tekjur félagsins til lengri tíma og eru það rökin fyrir þessari hækkun. Ekki er gert ráð fyrir áhrifum af þessari hækkun í áætlun því enn er unnið að því að uppfæra félagatal þar sem þó nokkuð af félagsmönnum frá fyrri árum hafa viljað fjarlægja úr félagatalinu og því er gert ráð fyrir núll áhrifum af hækkun gjalda að sinni.

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

5. Fjárhagsáætlun 2024

Rekstrarliðir	Áætlun 2023-2024
Tekjur :	
Félagsgjöld	4.000.000
Framlög og styrkir	5.500.000
Tekjur af mótum	2.000.000
Auglýsingatekjur	2.500.000
Húsa- og vallarleigutekjur	3.000.000
Aðrar tekjur	4.500.000
Samtals tekjur	21.500.000
Gjöld:	
Kostnaður vegna keppnisferða	200.000
Rekstur mannvirkja, véla og tækja	7.500.000
Laun, verktakagreiðslur og tengd gjöld	6.000.000
Kostnaður vegna mótahalds	250.000
Reksturs skrifstofu	2.500.000
Golfkennsla	
Barna- og unglingastarf	200.000
Samkeppnisrekstur	1.600.000
Ófyrirséð	1.500.000
Samtals tekjur	19.750.000
Rekstrarniðurstaða	1.750.000
Fjárfestingar	Áætlun
Viðhald vallar, skála og bílastæðis	1.000.000
Kaup og viðhald áhalda og tækja	1.000.000
Vökvunarbúnaður	6.000.000
Gatari með Bolvíkingum	450.000
Styrkur á móti fjárfestingum	-4.000.000
Samtals Fjárfestingar	4.450.000
Yfirlit yfir sjóðstreymi	Áætlun
Sjóðsstaða í upphafi árs	10.224.056
Rekstrarafkoma	1.750.000
Fjármagnstekjur	250.000
Fjárfestingar	-4.450.000
Sjóðsstaða í lok tímabils	7.774.056

Fjárhagsætlun 2024 gerir ráð fyrir sjóðstöðu kr. 7.774.056.- 30.september n.k.
 Áætlað er að tekjur verði kr 21.500.000 og gjöld kr.19,750,000.- og rekstrarniðurstaða kr 1.750.000.- Áætlað er að fjárfesta fyrir kr.4.450.000.-Gjaldkeri telur áætlunina varfærna vegna fyrirhugaðrar ráðningar vallarstjóra.

Reiknað er með styrk frá Ísafjarðarbæ til að bæta vökvunarkerfi vallarins.
Áætlunin var samþykkt.

6. Kosningar stjórnar og skoðunarmanna

Fundarstjóri las upp tillögur stjórnar að stjórn og varastjórn í Golfklúbbs Ísafjarðar:

Formaður til eins árs:

Gunnar Þórðarson.

Hann var samþykktur

Meðstjórnendur, kosnir til tveggja ára:

Guðjón Helgi Ólafsson, Þorvaldur Ragnarsson og Daníel Jakobsson

Þeir eru samþykktir.

Varastjórn, kosin til eins árs:

Friðbjörn Gauti Friðriksson, Soffía Þóra Einarsdóttir og Kristján Ásgeirsson

Þau voru samþykktir.

Skoðunarmenn: Baldur Geirmundsson og Jens Andrés Guðmundsson

Þeir voru samþykktir.

7. Önnur mál.

- Formaður mótanefndar Guðni Ó Guðnason kynnti Skálameistara Golfklúbbs Ísafjarðar 2023.
Skálameistari karla er **Sævar Ríkhartsson** og var honum veittur bikar.
Skálameistari kvenna er **Ásdís Pálsdóttir** og var henni veittur bikar.
- Guðni Ó. Guðnason kynnti einnig Hólumeistara Golfklúbbs Ísafjarðar 2023.
Hólumeistari er **Gísli Jón Hjaltason** og var honum veittur bikar.
- Rætt um starfsemina framundan. Einar Gunnlaugsson hefur lýst vilja sínum til að verða vallarstjóri 2024, stjórn GÍ mun ganga til samninga við Einar mjög fljótlega.
- Fundarmenn ræddu fyrirhugaðan rekstur golfskálans og æfingavallarins. Einnig um vinavelli klúbbsins, ákveðið að gera gangskör í þeim málum að vori.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 21:00

Kristín Hálfðánsdóttir.

Ritari Golfklúbbs Ísafjarðar.

Gísli Jón Hjaltason

Fundarstjóri